

SKN-02	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 08.03.2022		
Höfundur: AMB		
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 2	Fundargerð Skólanefndar MK #2	

Mættir: Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður skólanefndar, Anna María Bjarnadóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir, Steinþór Jónsson. Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Halla Margrét Hilmarsdóttir (fulltrúi nemenda).

Forfallaðir: Eysteinn Pétur Lárusson og Guðný Karen fulltrúi foreldra

Staður: MK (Þjórnarymi).

Tími: 12- 13:00.

Dagsetning: 08.03.2022.

Fundarefni: Rekstrarniðurstaða 2021 og innleiðing rafrænnar ferilbókar

Efnisatriði	Ábyrgð/dags. lokið ef við á:
1. <i>Fundur settur.</i> Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður skólanefndar setti fundinn kl. 12:05.	<i>GBP</i>
2. <i>Rekstrarniðurstaða ársins 2021.</i> Skólameistari lagði fram og kynnti rekstrarniðurstöðu síðasta árs. Niðurstaðan er sú að rekstrarafkoma síðasta árs (janúar til desember 2021) er 53 milljónir í afgang. Reksturinn kemur nánast út á sléttu en afganginn má skýra að hluta til vegna viðbótarframlags sem að skólinn fékk frá ráðuneytinu vegna starfsbrautar, (teknir voru inn 6 nemendur síðasta haust gegn viðbótarframlagi sem gekk eftir). Launakostnaður hefur hækkað, þar sem reynt hefur verið að tryggja að laun kennara skólans séu aðeins yfir meðaltali m.v. gildandi kjarasamninga, til að tryggja að skólinn sé samkeppnisfær. Þá hækkuðu laun starfsmanna Eflingar um 10% á síðasta ári. Gera má ráð fyrir að nemendafjöldi 2022 verði lægri en áætlað var og má rekja það að miklu leyti til þess að mun minni ásókn hefur verið í matreiðslu- og framreiðslunám v. Covid, þar sem veitingahúsageirinn hefur átt í erfiðleikum í faraldrinum. Er mikill skortur á nemendum í þann geira, sér í lagi framreiðsluna. En skólameistari á von á að algjör viðsnúningur verði í aðsókn í þau fög á næsta ári (2023).	<i>GEA</i>

SKN-02	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 08.03.2022		
Höfundur: AMB		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 2	Fundargerð Skólanefndar MK #2	

3. <i>Innleiðing rafrænnar ferilbókar.</i> Skólameistari kynnti innleiðingu rafrænnar ferilbókar fyrir skólanefnd. Ferilbók skýrir þá verkþætti sem nemandi þarf að hafa lokið til að x hæfni sé náð. Hægt er að ganga úr skugga um með ferilbók að ákveðinni hæfni sé náð, þegar nemandi hefur nám við MK í verknáminu. Ferilbók gefur betri heildaryfirsýn. Þannig getur nemandi sem er fljótur að tileinka sér mismunandi hæfni verið fljótari að klára vinnustaðanámið. Nemandi, meistari og tilsjónarmaður hafa aðgang að ferilbókinni. Tók gildi síðasta haust.	GEA
4. <i>Önnur mál</i> a) Formaður (GBÞ) spurði út í stöðu ályktunar (bókunar) skólanefndar um byggingu íþróttahúss við MK sem var bókuð á fundi skólanefndar 14. desember sl. og send til Mennta- og barnamálaráðherra sem og bæjarstjórnar Kópavogs. Skólameistari sagði bæjarráð Kópavogs hefði tekið erindið fyrir á fundi hjá sér og og biði það nú umsagnar menntaráðs Kópavogs, ekkert hefur heyrst frekar af afgreiðslu þess. Skólameistari sagðist hafa sent Mennta – og barnamálaráðherra (Ásmundur Einar Daðason) boð um að koma í heimsókn í MK, til að hann gæti skoðað skólann og kynnt sér aðstæður, en ekki fengið viðbrögð. GBÞ ætlar persónulega að fylgja boðinu eftir sjálfur við Ásmund Einar. Skólanefnd var á einu máli um að mikilvægt sé að tryggja nemendum MK gott aðgengi að fyrsta flokks íþróttakennslu og það sé einungis hægt með því að íþróttahús sé á staðnum. Tillaga kom um að bjóða efstu frambjóðendum á listum til Sveitarstjórnarkosninga 2022 í Kópavogi í skoðunarferð í MK, en slík heimsókn þyrfti að fara fram fyrir páska. b) Formaður spurði út í fréttablað stjórnenda: Ásafréttir, sem gefið er út vikulega og til stóð að skólanefndin fengi eintak af. Blaðið hefur ekki komið reglulega út að undanfögnu og spilar þar inn í frí um jól og áramót, Covid o.fl. c) Formaður leggur til að fundir skólanefndar séu haldnir mánaðarlega (ef kostur er).	GBÞ GEA GBÞ Skólanefnd GBÞ GBÞ

Fundi slitið. Formaður sleit fundi kl. 13:08.

Fundargerð hélt: Anna María Bjarnadóttir